

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Breiðamýri.

Afmarkast af Norðurnesvegi, Suðurnesvegi, Breiðumýri, skólalóðum og byggð við Suðurtún og Skólatún. Gert er ráð fyrir allt að 252 íbúðum í 9 fjölbýlishúsakjöllum, byggingarmagn ofanjarðar að hámarki 30.000 m².

Krókur.

Afmarkast af Suðurnesvegi, Breiðumýri, Sviðholti og byggð við Klukkuholt og Birkiholt. Gert er ráð fyrir allt að 51 íbúð í 7 raðhúsallengjum, byggingarmagn að hámarki 9.200 m².

Helguvík.

Afmarkast af Suðurnesvegi, Höfðabraut og byggð við Sviðholtsvör. Gert er ráð fyrir allt að 23 einbýlishúsum við tvær götur, byggingarmagn að hámarki 4.500 m².

Kumlamýri.

Afmarkast af Norðurnesvegi, Álftanesvegi og byggð við Kirkjubrekku og Tjarnarbrekku. Gert er ráð fyrir allt að 40 íbúðum í 20 parhúsum, byggingarmagn að hámarki 7.900 m².

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 20. desember 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2019